

**Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-238. fundur
haldinn að Laugarvatni, miðvikudaginn 19. nóvember 2025
og hófst hann kl. 09:00**

Fundinn sátu:

Davíð Sigurðsson byggingarfulltrúi, Lilja Ómarsdóttir aðstoðarmaður
byggingarfulltrúa og Guðmundur G. Þórisson áheyrnarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Davíð Sigurðsson, byggingarfulltrúi

Dagskrá:

Ásahreppur - Almenn mál

1. Þjóðholt (L219274); byggingarleyfi; einbýlishús - 2509084

Móttekin var umsókn þann 29.09.2025 um byggingarleyfi fyrir 162 m² einbýlishúsi með innbyggðum bílskúr á landinu Þjóðholt (L219274) í Ásahreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012.

Byggingarleyfi verður gefið út þegar eftirfarandi gögn skv. gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012 liggja fyrir.

-Undirritaðir aðaluppdrættir skulu vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.

- Byggingarstjóri skal staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.

- Ábyrgðaryfirlýsing iðnmeistara skal skilað inn.

- Hönnunarstjóri skal leggja fram yfirlit um innra eftirlit við framkvæmd hönnunar og yfirlit um ábyrgðarsvið einstakra hönnuða.

- Byggingarleyfisgjöld skulu vera greidd.

Samþykkt byggingaráforma fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan tveggja ára frá samþykkt þeirra.

Hrunamannahreppur - Almenn mál

2. Auðsholt 4 lóð (178640); niðurrif; íbúð mhl 01 - 2511027

Móttekin var umsókn þann 05.11.2025 um niðurrif á mhl 01 íbúð 152,2 m², byggingarár 1952 á íbúðarhúsalóðinni Auðsholt 4 lóð (L178640) í Hrunamannahreppi.

Niðurrif mannvirkja fellur undir umfangsflokk 1 skv. byggingarreglugerð gr. 1.3.2 og er háð byggingarheimild.

Byggingarheimild til niðurrifs verður gefið út þegar yfirlýsing byggingarstjóra um ábyrgð sína á framkvæmd liggur fyrir skv. 2.3.8 gr. byggingarreglugerðar.

Farga skal efni á viðurkenndan hátt.

3. Kotlaugar (L166794); byggingarheimild; fjós mhl 16 - 2511034

Móttékin var umsókn þann 13.11.2025 um byggingarheimild fyrir 1.380 m² fjósi með áburðarkjallara byggt við núverandi fjós mhl 15 á jörðinni Kotlaugar (L166794) í Hrunamannahreppi.

Vísað til skipulagsnefndar þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir.

4. Hrunamannavegur 3 (L224583); byggingarleyfi; innrétting rýmis 0104 - apótek - 2511038

Móttékin var umsókn þann 17.11.2025 um byggingarleyfi til að innrétta rými 0104 sem apótek á verslunar- og þjónustulóðinni Hrunamannavegur 3 (L224583) í Hrunamannahreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012.

Byggingarleyfi verður gefið út þegar eftirfarandi gögn skv. gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012 liggja fyrir.

-Undirritaðir aðaluppdrættir skulu vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.

- Byggingarstjóri skal staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.

- Ábyrgðaryfirlýsing iðnmeistara skal skilað inn.

- Hönnunarstjóri skal leggja fram yfirlit um innra eftirlit við framkvæmd hönnunar og yfirlit um ábyrgðarsvið einstakra hönnuða.

- Byggingarleyfisgjöld skulu vera greidd.

Samþykkt byggingaráforma fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan tveggja ára frá samþykkt þeirra.

Grímsnes- og Grafningshreppur - Almenn mál

5. Villingavatn bátaskýli (L237203); byggingarheimild; bátaskýli - 2406011

Erindi sett að nýju fyrir fund, skipulagsnefnd hefur tekið það til umfjöllunar.

Móttékin var umsókn þann 04.06.2024 um byggingarheimild fyrir 580 m² bátaskýli á landinu Villingavatn bátaskýli (L237203) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Afgreiðslu máls er frestað. Athugasemdir hafa verið sendar á hönnuð.

6. Langirimi 56 (L235654); byggingarheimild; gestahús - 2511007

Móttékin var umsókn þann 30.10.2025 um byggingarheimild fyrir 40 m² sumarhúsi á sumarbústaðalandinu Langirimi 56 (L235654) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Afgreiðslu máls er frestað og verður tekið fyrir að nýju þegar breytingu á deiliskipulagi og skráningu lóðar verður lokið.

Bláskógabyggð - Almenn mál

7. Heiðarbær lóð (L170256); byggingarheimild; sumarhús - viðbygging - 2507044

Erindi sett að nýju fyrir fund, erindi synjað af skipulagsnefnd athugasemd kom við grenndarkynningu. Móttékin var umsókn þann 10.07.2025 um 25,3 m² viðbyggingu

við sumarhús á sumarbústaðalandinu Heiðarbær lóð (L170256) í Bláskógabyggð.
Heildarstærð eftir stækkun verður 153,4 m².

Umsókn er synjað á grundvelli athugasemda sem bárust frá Framkvæmdasýslu Ríkisins.

8. Helludalur 1 og 2 land (L193422); byggingarheimild; gróðurhús - 2507014

Erindi sett að nýju fyrir fund, grenndarkynningu er lokið. Móttékin var umsókn þann 07.07.2025 um byggingarheimild fyrir 92,8 m² gróðurhúsi á jörðinni Helludalur 1 og 2 land (L193422) í Bláskógabyggð.

*Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.
Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.
Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:*

*- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda. -
Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.*

- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

Samþykkt byggingaráforma fellur úr gildi hafi byggingarheimild ekki verið gefin út innan tveggja ára frá samþykkt þeirra.

9. Reykjabraut 1 (L192616); byggingarheimild; bílskúr - 2511010

Móttékin var umsókn þann 02.11.2025 um byggingarheimild fyrir 74,9 m² bílskúr á íbúðarhúsalóðinni Reykjabraut 1 (L192616) í Bláskógabyggð.

Umsókn er synjað. Bygging sem sótt er um er ekki staðsett innan byggingarreits lóðar.

10. Mosaskyggirnir 22 (L240401); byggingarheimild; sumarhús - 2511017

Móttékin var umsókn þann 07.11.2025 um byggingarheimild fyrir 144 m² sumarhúsi á sumarbústaðalandinu Mosaskyggirnir 22 (L240401) í Bláskógabyggð.

*Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.
Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.
Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:*

*- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda. -
Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.*

- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

Samþykkt byggingaráforma fellur úr gildi hafi byggingarheimild ekki verið gefin út innan tveggja ára frá samþykkt þeirra.

Flóahreppur - Almenn mál

11. Rimar 23 (L212367); byggingarheimild; gestahús - 2511036

Móttékin var umsókn þann 13.11.2025 byggingarheimild fyrir 45,5 m² gestahúsi á íbúðarhúsalóðinni Rimar 23 (L212367) í Flóahreppi.

*Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.
Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.
Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð*

gr.2.3.8 eru uppfyllt:

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda. - Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.

- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

Samþykkt byggingaráforma fellur úr gildi hafi byggingarheimild ekki verið gefin út innan tveggja ára frá samþykkt þeirra.

12. Mosató 3 hótél (L225133); byggingarleyfi; hótél - viðbygging - 2408023

Erindi sett að nýju fyrir fund. Móttekin var umsókn þann 16.11.2025 um frekari stækkun, bílakjallari og breyting á innri rýmum á viðskipta- og þjónustulóðinni Mosató 3 hótél (L225133) í Flóahreppi. Heildarstærð eftir stækkun verður 3.460 m². Áður var samþykkt á afgreiðslufundi þann 04.09.2024 1.755,8 m² viðbygging við hótél.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012.

Grímsnes- og Grafningsshr. - Umsagnir og vísanir

13. Lækjarbrekka 33 (L207028); Umsögn um rekstrarleyfi; gisting - 2511029

Móttekinn var tölvupóstur þann 05.11.2025 frá fulltrúa sýslumanns þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II (H) frístundahús, rýmisnúmer 01 0101 sumarhús frá Bjarka Jóhannessyni fyrir hönd Ívó ehf. kt. 550617 - 0720 á sumarbústaðalandinu Lækjarbrekka 33 (F229 5417) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II.

14. Ljósafossskóli (L168468); umsögn um rekstrarleyfi; gisting - 2511028

Móttekinn var tölvupóstur þann 10.11.2025 frá fulltrúa sýslumanns þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II (B) Stærra gistiheimili, rýmisnúmer 01 0101 gistiheimili frá Ilona Gorash fyrir hönd Nyja budin ehf. kt. 690925 - 0600 á viðskipta- og þjónustulóðinni Ljósafossskóli (F220 - 7340) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Lagst er gegn útgáfu rekstrarleyfis þar sem ekki hefur verið sótt um tilskilin leyfi fyrir mannvirkjum sem risið hafa á lóðinni.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Umsagnir og vísanir

15. Skógarskarð (L228226); umsögn um rekstrarleyfi; gisting - 2405040

Móttekinn var tölvupóstur þann 02.05.2024 frá fulltrúa sýslumanns á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II (H) frístundahús, rýmisnúmer 01 0101 sumarbústaður frá Björgvini G. Sigurðssyni fyrir hönd Draumahöll ehf. kt. 670905 - 1010 á sumarbústaðalandinu Skógarskarð (F250 4429) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

